



REGLUGERÐ UM ÁSKORENDAMÓT UNGLINGA

1. kafli

1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir áskorendamótum í unglingsflokkum.

2. gr.

Stjórn GSÍ skal auglýsa mótin og hafa yfirumsjón með framkvæmd þeirra. Hún skal skipa menn í mótsstjórn í samráði við viðkomandi klúbba a.m.k. einum mánuði fyrir mótið.

3. gr.

Stjórn GSÍ ákveður þáttökugjöld og sér sá klúbbur sem heldur mótið á hverjum tíma um innheimtu. Þáttökugjald rennur alfarið til þess klúbbs er heldur mótið.

4. gr.

Þátttakendur skulu tilkynna um þátttöku til þess klúbbs sem mótið heldur a.m.k. 3 dögum fyrir mótisdag (t.d. í síðasta lagi kl. 23:59 á þriðjudegi ef mótið hefst á föstudegi).. Mótsstjórn getur þó heimilað þátttöku, berist tilkynning síðar enda hafi hámarksfjölda þátttakenda ekki verið náð.

5. gr.

Almennir keppnisreglur og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótunum. Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fresta eða fella niður mót vegna veðurs. Öll notkun tóbaks, þ.m.t. munntóbaks, er bönnuð í klúbbhúsum og á keppnisvelli.

2. kafli

6. gr.

Kept skal í eftirtöldum flokkum. Aldur miðast við almanaksár.

Stelpuflokkur	10 ára og yngri
Stelpuflokkur	12 ára og yngri
Stelpuflokkur	14 ára og yngri
Stelpuflokkur	15-18 ára
Strákaflokkur	10 ára og yngri



Strákaflokkur	12 ára og yngri
Strákaflokkur	14 ára og yngri
Strákaflokkur	15-18 ára

Mótsstjórn er heimilt að sameina flokka ef þátttakendur í flokki eru færri en 4.

7. gr.

Mótsstjórn ákveður rástíma og leikröð keppenda og skal hún kynnt ekki síðar en kl. 18 tveimur dögum fyrir mótsdag.

Verði tveir eða fleiri keppendur jafnir í efsta sæti skal leikinn bráðabani. Ekki er leikið sérstaklega um önnur sæti.

8. gr.

Að öðru leyti gilda Móta- og keppendareglur GSÍ.

9. gr.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum GSÍ 12. apríl 2017.